

A 1841/kultur

Flytjandi	Flokkahópur jafnaðarmanna
Afgreiðsla	Norræna þekkingar- og menningarnefndin

**Þingmannatillaga
um samnorræna ráðstefnu um iðngreinar og fagmenntun****Tillaga**

Flokkahópur jafnaðarmanna leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að Norðurlandaráð efni ásamt Norrænu ráðherranefndinni til samnorrænnar ráðstefnu um það hvernig fá megi fleira ungt fólk á Norðurlöndum til að velja iðngreinar og fagmenntun og hvernig samræma megi menntunina þannig að iðnréttindi verði viðurkennd sem „sameiginleg“ menntun á Norðurlöndum Einnig verði skoðað hvernig greiða megi fyrir æðri menntun í iðngreinum (iðnnám á bakkalárstigi) fyrir þá nemendur sem kjósa nám í iðngreinum í stað hefðbundins bakkalár- og meistaranáms.

Bakgrunnur

3. nóvember 2004 gerðu Danmörk, Finnland, Ísland, Svíþjóð og Noregur með sér samning um norrænt menntasamstarf á framhaldsskólastigi (bóknáms- og iðnnámsleiðir).

Samningurinn tók gildi 27. mars 2008 og er nú 12 ára.

Í samningnum segir að vilji sé til þess að „auka möguleikana á að námsmenn og aðrir, sem heima eiga í einu ríki Norðurlanda, geti aflað sér menntunar og þreytt próf við menntastofnanir í öðrum Norðurlandarákjum“ og að „koma á gagnkvæmri viðurkenningu lokaprófa, hlutaprófa og annarra vitnisburða um námsárangur“ samkvæmt samningi frá 29. september 1986 um sameiginlegan norrænan vinnumarkað kennara í bóklegum greinum, list- og verkmennta- og íþróttakennara í framhaldsskólum“.



Mikil þörf verður á fleira handverksfólki á Norðurlöndum í framtíðinni, sem einnig kýs að afla sér framhaldsmenntunar sem meistarar eða æðri iðnmenntunar.

Við þurfum að leggja meiri áherslu og vekja meiri athygli á iðngreinum til að ungt fólk velji sér iðnnámsleiðir. Í dag eru til dæmis haldin Evrópu- og heimsmeistaramót í iðngreinum. Á ráðstefnu af þessu tagi mætti ræða fleiri aðgerðir sem þessar.

Norðurlönd, 4.maí 2020

Anders Kronborg (S)

Annette Lind (S)

Emilia Töyrä (S)

Erkki Tuomioja (sd)

Eva Lindh (S)

Eveliina Heinäluoma (sd)

Gunilla Carlsson (S)

Heidi Viljanen (sd)

Henrik Møller (S)

Jorodd Asphjell (A)

Kasper Roug (S)

Lars Mejern Larsson (S)

Martin Kolberg (A)

Nina Sandberg (A)

Oddný G. Harðardóttir (Sf)

Per-Arne Håkansson (S)

Pyry Niemi (S)

Ruth Grung (A)

Stein Erik Lauvås (A)

Thomas Jensen (S)